

# Þorvaldur Thoroddsen

(1855–1921)



Aldarminning um heimspekkta frumkvöðul á sviði jarð- og náttúrufræða.

# Þorvaldur

(1855–1921)

# Thoroddsen

Ævi og störf



Þorvaldur Thoroddsen fæddist í Flat-ey á Breiðafirði hinn 6. júní 1855. Hann var sonur hjónanna Jóns Thoroddsens sýslumanns og skálds og Kristínar Olínu Þorvaldsdóttur Sívertsen.

Þorvaldur fór 11 ára gamall í fóstur til móðursystur sinnar, Katrínar, og eiginmanns hennar Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara og landsbókavardar, sem bjuggu í Reykjavík. Hann lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum en sýndi náminu þar takmarkaðan áhuga. Í staðinn las hann framhjá skólabókunum, mest erlend rit um náttúruna og jörðina eftir fræga höfundar á sínu sviði, svo sem Alexander von Humboldt, Charles Lyell og Charles Darwin.

## Fyrsti íslenski jarðfræðingurinn

Árið 1875 sigldi Þorvaldur til Kaupmannahafnar. Þar hugðist hann leggja stund á dýrafræði, en sneri sér fljótt að jarðfræði og á engan er hallað þó hans sé minnst sem fyrsta íslenska jarðfræðingsins, enda vann hann að henni ævina út. Heim kominn, en próflaus, árið 1880 hóf hann að kenna náttúrufræði, fyrst við Möðruvallaskóla norður í Eyjafirði en við Lærða skólann 1885–1895. Kennsluhættir hans þóttu opnari en gekk og gerðist. Hann lagði litla áherslu á ítrodslu og utanbókarlærdóm en var laginn við að benda nemendum á það sem ekki stóð á bókum. Árið 1895 settist Þorvaldur að í Kaupmannahöfn og starfaði þar það sem eftir var ævi að rannsóknnum og skriftum.

Strax á háskólaárunum fór Þorvaldur í rannsóknarleidangra um Ísland. Hann tók þátt í dönskum leiðangri árið 1876 til að rannsaka ummerki hins öflugra sprengigoss í Öskju árið áður. Leiðangurinn hafði afgerandi áhrif á Þorvald, beindi augum hans og áhuga að jarðfræði, en varð ekki síður til þess að hann áttaði sig á því hvað menn vissu átakanlega lítið um náttúrufar Íslands, einkum á hálendinu.

## Landkönnuður á heimaslóð

Að háskólavist lokinni tók Þorvaldur við að rannsaka landið skipulega. Hann fór í stórleiðangra nánast á hverju sumri árin 1882–1898. Hann ferðaðist um allt land, hálendi sem láglendi, byggðir sem óbyggðir. Þorvaldur gerðist því í raun landkönnuður Íslands en enginn jarðfræðingur hafði áður farið um og kannað landið í heild sinni. Þorvaldur ferðaðist með alla rannsóknar- og viðleguútgærd í trússi á hestbaki og gisti í tjöldum jafnt í gróðursælum dölum og á berangri hálendisins. Veturna nýtti hann til að vinna úr gögnum sumarsins, flytja erindi og skrifa ritgerðir og bækur um niðurstöður sínar, ásamt því að teikna ýmis kort af landinu.

Nákvæmni Þorvalds og næmni fyrir náttúrufari sést vel á hinu fræga jarðfræðikorti hans frá 1901 og 1906 í endurskoðaðri útgáfu. Slíkt kort hafði ekki verið unnið fyrir tíð Þorvalds og er þetta tímamótaverk af slíkum gæðum og unnið af slíkum skilningi á jarðfræði Íslands að undrum sætir. Hátt í heilli öld síðar var þetta ennþá eina heildarjarðfræðikort sem gert hafði verið af Íslandi og er enn að miklu leyti gilt sem slíkt.



Þorvaldur og Ögmundur Sigurðsson, fylgdarmaður Þorvalds í nær öllum ferðum hans um Ísland. Mynd tekin á Akureyri en ártal er ekki þekkt.

## Hvert stórvirkið á fætur öðru

Þorvaldur er án efa einn afkastamesti rithöfundur þjóðarinnar fyrr og síðar. Hann ritaði bæði á íslensku og erlendum málum og uppfræddi jöfnum höndum landa sína um náttúru Íslands og alþjóðlega vísindasamfélagið um nýjungar í fræðunum út frá rannsóknum sínum á Íslandi. Afkastamestur var Þorvaldur efur að hann settist að í Kaupmannahöfn 1895. Hann naut styrkja m.a. frá Alþingi, danska ríkinu og einkaaðilum og prófessorsnafnbót hlaut hann við Hafnarháskóla árið 1902. Hann tók þó aldrei að sér formlega prófessorsstöðu og gat því einbeitt sér að rannsóknum og skrifum og hvert stórvirkið á fætur öðru leit dagsins ljós.

*Landfræðissagan* kom í fjórum bindum 1892–1904 og þýsk útgáfa í tveimur bindum 1897–1898; *Landskjálftar á Íslandi* í tveimur hlutum 1899 og 1905; stutt *Lýsing Íslands* 1881 og 2. útgáfa 1900; *Jarðfræðikort af Íslandi* í kvarðanum 1:600.000 kom út 1901 og endurbætt útgáfa 1906; *Ævisaga dr. Péturs Péturssonar, biskups* 1908; ný og endurbætt *Lýsing Íslands* í fjórum bindum 1908–1922; *Ferðabókin* í fjórum bindum 1913–1915; *Arferði á Íslandi í þúsund ár* 1915–16, og fleira mætti telja. Á árunum 1909–1912 ritaði Þorvaldur einnig hið mikla verk sitt um íslensk eldfjöll, *Geschichte der Isländischen Vulkane*, sem þó kom ekki út fyrr en að honum látnum árið 1925. Auk þessara bókverka birtust á þessum árum ótal greinar og ritgerðir um ýmis efni í blöðum og tímaritum. Þó Þorvaldur hafi lengi safnað efni til þessara stóru verka, bæði heima í íslenskri náttúru



sem og í ritum og á söfnum víða í Evrópu, eru afköstin með ólíkindum og gæðin jafnan í besta lagi.

Þorvaldur tók virkan þátt í störfum fræða- og vísindafélaga, bæði heima og úti. Hann varð heiðursfélagi í Danska jarðfræðifélaginu, Konunglega landfræðifélaginu í Lundúnum, Hinu íslenska bókmenntafélagi og Hinu íslenska náttúrufræðifélagi. Hann hlaut fjölmörg heiðursverðlaun og orður erlendra vísindafélaga, m.a. frá Konunglegu vísindaakademiunni í Stokkhólmi, Landfræðifélaginu í París, Konunglega landfræðifélaginu í Lundúnum og konunglegu dönsku landfræði- og vísindafélögunum. Árið 1907 hlaut hann Charles P. Daly-orðuna frá Ameríska landfræðifélaginu í New York sem þykir mikill heiður og er aðeins veitt sárafáum afburða-vísindamönnum á nokkurra ára fresti.



Þorvaldur Thoroddsen og Þóra Pétursdóttir, ártal óþekkt.

## Einkalíf og ævilok

Þorvaldur kvæntist árið 1887 Þóru Pétursdóttur, dóttur Péturs Péturssonar biskups. Þau voru bæði vel menntaðir heimsborgarar og voru áberandi í þjóðlífi innlendis sem og utan. Þau eignuðust dóttur, Sigríði, árið 1888 og fluttist fjölskyldan til Kaupmannahafnar 1895. Fyrir átti Þorvaldur dótturina Maríu Kristínu, sem fór í fóstur til vinafólks Þorvalds á Akureyri. Þorvaldur lifði báðar dætur sínar. Sigríður lést aðeins 14 ára gömul í Kaupmannahöfn en María Kristín lést 23 ára gömul úr berklum árið 1907. Þóra féll frá 1917 en eftir það dró Þorvaldur sig mikið til í hlé og sat við skriftir síðustu árin. Hann fékk slag á fundi í Vísindafélaginu í Kaupmannahöfn 3. desember 1920 og var að mestu rúmfastur eftir það.

Þorvaldur lést í Kaupmannahöfn 28. september 1921, 66 ára að aldri.

Munir og ljósmyndir á sýningunni eru í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Verðlaunapeningar eru varðveittir hjá Seðlabanka Íslands. Brjóstmynd og jarðfræðikort eru í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Bækur frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.



**Landsbókasafn Íslands**  
**Háskólabókasafn**



VÍSINDAFÉLAG ÍSLANDS  
stofnað 1918